

Ed.

752. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907 um fræðslu barna. (Pskj. 128).

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi, að spara nokkuð af því fje, sem ætlað er og ætlað yrði til barnaprófa samkvæmt gildandi fræðslulögum, en fje því, sem sparaðist þannig, varið til framhalds-mentunar kennurum landsins, — eins og tekið var fram við 1. umræðu.

Nefndin, sem háttv. deild setti til að ihuga frv., hefir ekki orðið sam-mála um það.

Meiri hlutinn (Sig. St. og Hásk. Kr.) álitur varhugavert, að slaka til á prófskyldunni, því þá muni síður verða fullnægt kröfum fræðslulaganna um þekkingu barnanna. Enn fremur telur hann líklegt — og enda nauðsynlegt — að haldið verði áfram, að prófa börn á aldrinum frá 10–13 ára, þótt ekki verði það skylda, og verði þá skóla- og fræðsluhjeruðin sjálf að kosta það. Sparnaðurinn verði því í raun rjettri enginn, kostnaðurinn að eins fluttur af landssjóði á skóla- og fræðsluhjeruðin. Þetta muni mælast illa fyrir.

Minni hlutinn (K. F.) álitur enga hættu á því, að fræðslukröfunum verði ekki eins vel fullnægt og nú, þótt ekki yrði lögboðið nema fullnaðarpróf. Fullnaðarpróf yrði alstaðar haldið á hverju ári, svo prófdómarar stjórnarinnar ættu árlega kost á, að kynna sjer ástandið. Nú hefir prófdómari fullan rjett til, að neita barni um fullnaðarprófskírteini, ef það er ekki nógu vel að sjer, og getur því sjeð um það, eftir að þessi breyting yrði, engu síður en nú, að ekkert barn »útskrifist«, nema það fullnægi fræðslukröfunum. Yrði fræðslan því vanrækt frekar eftir en áður, yrði afleiðingin vitanlega sú, að fleiri börn en fyr yrðu að halda áfram námi fram yfir vanalegan skólaaldur. En það mundi fæstum foreldrum og forráðamönnum barnanna þykja tilvinnandi til langframa, og mundi fljótt færast í lag.

Auðvitað yrðu skóla- og fræðsluhjeruð að vera frjáls að því, hvort þau hjeldu áfram að prófa öll börn frá 10 ára aldri eða ekki. En að sjálf-sögðu yrðu þau að bera kostnað við það sjálf. Og engin ástæða er fyrir þau, að vera óánægð yfir því, að bera þann kostnað, er þau leggja á sig af frjáls-um vilja.

Hvi skyldi breytingin þá þurfa að mælast illa fyrir af þessum sökum? Að sparnaður yrði að þessari breytingu fyrir landssjóð, er auðvelt að sýna.

Skýrslur um barnapróf 1913—'14 sýna, að þá hafa verið prófuð alls á landinu 7304 börn. Af þeim tóku 5785 árspróf en 1519 fullnaðarpróf. Sje nú gert ráð fyrir, að barnatalan verði svipuð framvegis, og til prófanna varið 4200 kr. á ári eins og nú er ætlað í fjárlagafrumvarpinu — þá kostar hjer um bil 57 aura, að prófa hvert barn til jafnaðar. Samkvæmt því mundi próf fullnaðarprófsbarnanna kosta landið 865,83 kr. á ári. Sparast mundi því 3334,17 kr., ef að eins væri haldið fullnaðarpróf og gert ráð fyrir, að jafnt kosti að prófa börn á öllum aldri. Nú má þó að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að dýrara yrði að tiltölu að prófa fá börn en mörg, því tími til ferðalaga milli prófstæða mundi eyðast litlu styttri, þótt breytt væri, en nú, og auk þess þarf lengri tíma til að prófa þau börn, sem mest er heimtað af, en hin. Varla mundi þó prófkostnaðurinn fyrir hvert barn vaxa meira en um helming til jafnaðar, og aldrei þyrfti yfir 2000 kr., til að prófa 1500—1600 börn. Sparnaðurinn yrði því að minsta kosti 2200 kr. á ári. Og sannarlega væri því fje miklum mun betur varið, til að frama og menta sem best kennara landsins, en til að eyða að óþörfu tíma fyrir 10—13 ára krökkum.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, ræður meiri hlutinn háttv. deild til að fella frumvarpið, en minni hlutinn til að samþykkja það, og jafnframt 1800 kr. utanfararstyrk til kennara á ári.

Efri deild Alþingis 6. sept. 1915.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Karl Finnbogason,
skrifari.

Hákon J. Kristófersson.